

Reglur um viðskipti starfsmanna við Júpíter rekstrarfélag hf.

Samþykkt í maí 2016/ Áætluð yfirferð í maí 2017 / Ábyrgðaraðili: Regluvörður

1. Lagastoð og gildissvið

- 1.1. Reglur þessar eru settar á grundvelli 57. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
- 1.2. Reglur þessar gilda um viðskipti starfsmanna við Júpíter rekstrarfélag hf. (hér eftir nefnt félagið). Með viðskiptum er m.a. átt við beiðni um verðbréfavíðskipti, gerð samnings um eignastýringu eða aðra þjónustu sem félagið kann að bjóða uppá.

2. Viðskiptakjör starfsmanna við félagið

- 2.1. Viðskipti starfsmanna skulu, eftir því sem kostur er, lúta sömu reglum og gilda um viðskipti annarra viðskiptavina félagsins í sambærilegum viðskiptum.
- 2.2. Framkvæmdastjóra er heimilt að veita starfmönnum starfsmannakjör sem eru sambærileg og bestu kjör viðskiptamanna félagsins. Skulu starfsmannakjör almennt vera sambærileg fyrir alla starfsmenn félagsins.

3. Viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga

- 3.1. Starfsmenn skulu ávallt fá fyrirfram heimild regluvarðar fyrir fyrirhuguðum viðskiptum með fjármálagerninga. Hvers konar viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga krefjast sérstakrar aðgætni gagnvart hugsanlegum hagsmunaárekstrum sem upp kunna að koma gagnvart viðskiptavinum eða félaginu. Um viðskipti starfsmanna með fjármálgerninga gilda reglur Júpíters um verðbréfavíðskipti viðskipti starfsmanna.

4. Viðskipti framkvæmdastjóra við félagið

- 4.1. Allir samningar félagsins um lán, ábyrgðir, kauprétt eða sambærileg viðskipti við framkvæmdastjóra háðir samþykki stjórnar félagsins.
- 4.2. Bóka skal ákvörðun um slíkt í gerðarbók stjórnar og tilkynna skal um ákvörðun til Fjármálaeftirlitsins. Sama gildir um alla sem eru í nánnum tengslum við framkvæmdastjóra.

5. Almennt um viðskipti starfsmanna

Starfsmanni Júpíters er óheimilt að framkvæma eða koma að hvers konar afgreiðslu fyrir eigin hönd eða aðila nákomna viðkomandi.

Handwritten signature in blue ink

6. Breytingar og gildistaka

- 6.1. Reglur þessar öðlast gildi að fenginni undirritun stjórnar og um leið falla úr gildi reglur um eigin viðskipti starfsmanna frá 21. mars 2014
- 6.2. Reglur þessar skal birta á vef Júpíters rekstrarfélags hf., www.jupiter.is

Samþykkt af stjórn Júpíters rekstrarfélags hf. þann 12. maí 2016

Ottó Móri Frayvason

Lit. Kristins.

Ólafur Heimir